

61 1. gr. frá byrjun aprilmánaðar til ágústmánaðarloka, að undanteknum þeim árum, er
29. marz. haffis bannar mönnum að stunda fuglveiði við Drangey, og þar með hamlar þeim frá
að afla þeirrar beitu, er þar fæst (fuglaslóg).

4. gr.

Að vestanverðu við Drangey má enginn til ágústmánaðarloka leggja lóð fyrir
norðan línu, sem myndast, þegar norðurendi Þórðarhöfða ber í opinn Höfðadal.

5. gr.

Í hverjum þeim hrepp í Skagafjarðarsýslu, er sjó sækir, skal hreppsnefnd skipa
tilsjónarmenn svo marga sem þurfa þykir, til þess að hafa gætur á, að eigi sje brotið móti
samykkt þessari. Verði einhver uppvis að því, eða þyki tilsjónarmönnum líklegt, að
einhver hafi brotið á móti samykktinni, tilkynna þeir það hlutaðeigandi yfirvaldi.

6. gr.

Brjóti nokkur á móti samykkt þessari, nema líf liggi við, varðar það sektum
frá 10 kr. til 100 kr. eptir málavöxtum. Svo má og gjöra afla upptækan, ef miklar sakir
eru. Helmingur sekta tilfalli fátækra sjóði viðkomandi hrepps, hinn helmingurinn upp-
ljóstrarmanni og tilsjónarmönnum.

Samykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni, til að öðlast
gildi 1. ágúst 1889, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri, 29. marz 1889.

J. Havsteen.

62 Brjef forstjóra landsyfrrjettarins (—landshöfðingja—) til amtmannsins yfir
20. apríl *suðuramtinu og vesturamtinu um fjárveitingarvald sýslunefndar.* — Með brjefi, dags. 28.
maí 1887, áfrýjaði sýslunefndin í Kjósar- og Gullbringusýslu til ráðgjafans fyrir Ísland úrskurð-
um amtsráðsins í suðuramtinu á aðalfundi þess árið 1885, en með þeim úrskurðum álykt-
aði amtsráðið, að fella skyldi úr sýslusjóðsreikningum nefndrar sýslu fyrir 1883 og 1884
útborgaðan styrk til alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensborg, 300 kr. árið 1883
og 150 kr. 1884, og eptirstöðvar reikninganna því færast upp um samtals 450 kr. eptir
bæði árin. Ráðgjafinn tjáði landshöfðingja með brjefi 27. júní f. á., að mál þetta bæri,
af því að það væri sveitarmál, undir fullnaðarúrskurð landshöfðingja, sam-
kvæmt erindisbrjefi 22. febr. 1875, en með því að landshöfðingi, sem páver-
andi settur amtmáður í suðuramtinu, hafði tekið pátt í hinum áfrýjaða úrskurði, fal
hann mjer, sem justitiario, að leggja úrskurð á málið, samkvæmt 21. gr. nefnds erindis-
brjefs.

Fyrir því skal jeg þjónustusamlega tjá yður, herra amtmáður, það er nú skal
sagt til þóknænlegrar leiðbeiningar og frekari þirtingar og ráðstöfunar.

Af fjárveitingum þeim til alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensborg, er hinir á-
frýjuðu úrskurðir hafa fellt úr gildi, var hin fyrri, 300 kr., veitt á sýslunefndarfundi
24. maí 1883, en á aðalfundi amtsráðsins í suðuramtinu í júnímán. sama ár lýsti amts-
ráðið því yfir, út af kærnum, er yfir fjárveitingunni höfðu borizt amtsráðinu frá hrepps-
nefndunum í Kjósarsýslu, að með því að Flensborgarskólinn eigi væri sjerstaklega ætl-
aður til að vera sýsluskóli fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu fremur en fyrir önnur hjer-
öð amtsins og jafnvel alls landsins, þá virtist því ekki vera næg heimild fyrir fjárveit-

ingunni til skólans, er kvartað hafi verið yfir; og þessa yfirlýsingu amtsráðsins tilkynnti **62**
 amtmaður sýslumanni með brjefi 12. júlí 1883. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu amtsráðs- 20. apríl
 ins veitti sýslunefndin enn Flensborgarskólanum 150 kr. styrk úr sýslusjóði á fundi
 sínum 27. maí 1884. En á aðalfundi amtsráðs suðuramtsins 1885 felldi amtsráðið, eins
 og áður er sagt, bæði þessa og fyrri fjárveitinguna úr gildi og færði upp eptirstöðvar í
 sýslusjóðsreikningnum um 450 kr.

Jeg verð nú að vísu að vera sömu skoðunar og amtsráðið, að sýslunefndin hafi
 ekki að lögum haft heimild til þess að veita úr sýslusjóði styrk til alþýðu- og gagn-
 fræðaskólans í Flensborg, því síður sem sá skóli er ekki ætlaður sjerstaklega til að vera
 sýsluskóli. Þó virðist eigi næg ástæða til að gjöra sýslunefndinni ábyrgð fyrir fyrri
 fjárveitinguna eða skylda hana til að endurborga hana sýslusjóði, þar sem samskonar
 fjárveiting hafði átt sjer stað úr sýslusjóðnum til sama skóla árin 1880, 1881 og 1882,
 án þess að að því væri fundið af amtsráðinu, enda ónýtti amtsráðið heldur eigi ályktunina
 um fjárveitinguna á áður umgetnum fundi sínum árið 1883, en lýsti því að eins yfir
 að eigi væri næg heimild fyrir fjárveitingunni, og þá yfirlýsingu skildi sýslunefndin eigi
 á annan hátt en sem bendingu fyrir sýslunefndina eptirleiðis. Að því er aptur á móti
 snertir síðari fjárveitinguna til Flensborgarskólans, á fundi sýslunefndarinnar 27. maí
 1884, að upphæð 150 kr., þá var hún gjörð eptir að sýslunefndin hafði fengið hina á-
 minnstu aðvörun eða bendingu frá amtsráðinu 1883, sem sýslunefndin sýndi með fjár-
 veitingunni, að hún virti að vettugi, og sje jeg því enga ástæðu til að breyta úrskurði
 amtsráðsins viðvíkjandi henni.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, skal af hinum áfrýjuðu úrskurð-
 um amtsráðsins í suðuramtinu sá standa óhaggaður, er snertir fjárveiting sýslunefndar-
 innar í Kjósar- og Gullbringusýslu til Flensborgarskólans árið 1884, 150 kr., en hinn
 úrskurðurinn skal úr gildi felldur.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um áfrýjun saka- **63**
máls af hálfu hins dómfellda. — Í brjefi, dags. 25. marz þ. á., er hingað hefur komið 3. maí
 beina leið, hefur presturinn að Dvergasteini, sjera Björn Þorláksson, spurzt fyrir um það,
 hvort sjer beri ekki rjettur til að áfrýja til hæstarjettar dómi yfirrjettarins 21. jan. þ.
 á., er dæmdi hann í 200 kr. sekt til landssjóðs eða til vara einfalt fangelsi fyrir brot
 gegn 102. gr. hinna almennu hegningarlaga, en þjer hafið, herra sýslumaður, álitid, að
 hann hefði eigi slíkan rjett, þar sem hið opinbera eigi fann ástæðu til að áfrýja dóm-
 inum og hin ídæmda hegning er að eins sekt eða til vara einfalt fangelsi, sbr. tilsk.
 24. jan. 1838 16. gr., sbr. 4. gr. b og c, og hafið þjer því tjáð prestinum, að hann
 yrði að vera við því búinn að fullnægja dóminum á sínum tíma samkvæmt ákvæðum
 hans.

Út af þessu skal yður hjer með til vitundar gefið, að samkvæmt 16. gr. i f.
 fyrnefndrar tilskipunar 24. jan. 1838, sbr. tilsk. 11. júlí 1800, verður ofanefndum presti
 eigi neitað um rjett til að krefjast áfrýjunar á umræddum yfirrjettardómi, er dæmir
 hann í 200 kr. sekt, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður, að endursenda mjer
 hið fyrsta dómsgjörðirnar í málinu með árituðu vottorði stefnuvottanna um birtingu
 dómsins, og um, að dæmdi hafi óskað að honum yrði áfrýjað, og mun jeg þá stefna
 málinu til hæstarjettar á venjulegan hátt.